

**5. Annað.**

- 5.1. Tengigjöld fyrir annað, en að framan greinir, svo sem fyrir heimtaugar í einstök sumarhús, veiðihús, ofl., eru ávallt samkvæmt kostnaðaráætlun, þó að lágmarki kr. 175.000,00 (án vsk). Um bráðabirgðaheimtaugar í strjálbýli gilda sömu reglur og í þéttbýli (kafla 1.7.).
- 5.2. Endurtenging. Sé veitu lokað um lengri tíma en 6 mánuði, má búast við aftengingu heimtaugar. Falli notkun um heimtaug niður í a.m.k. 5 ár, telst heimtaug aflögð og þarf að greiða fullt tengigjald, hefjist notkun að nýju. Fyrir skemmri tíma greiðist fastagjald F.1, auk kostnaðar við endurtengingu.
- 5.3. Aukaheimtaug. Að jafnaði er aðeins gert ráð fyrir einni heimtaug fyrir hvern notanda. Sé hinsvegar þörf á aukaheimtaug, skal greiða fyrir hana samkvæmt kostnaðaráætlun hverju sinni, eftir nánari ákvörðun Rafmagnsveitnanna.
- 5.4. Gjald fyrir aðrar breytingar á heimtaugum en þær sem tilgreindar eru í kafla um tengigjöld skal vera samkvæmt kostnaðaráætlun hverju sinni.

Öll gjöld sem tilgreind eru í kafla III miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 1. janúar 1996, sem er 205,5 stig og breytast í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar þannig, að vísitalan 1. janúar ár hvert er lögð til grundvallar gjöldum almanaksársins.

Öll gjöld eru gefin upp án virðisaukaskatts nema annars sé getið. Virðisaukaskattur leggst á gjöldin samkvæmt gildandi lögum hverju sinni.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins sama efnis nr. 196 30. mars 1995 með áorðnum breytingum.

*Iðnaðarráðuneytinu, 24. júní 1996.*

F. h. r.  
**Jón Ingimarsson.**

Steinunn Bjarmann.

## SKIPULAGSSKRÁ

### Sjónverndarsjóðs Íslands.

#### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Sjónverndarsjóður Íslands. Stofnendur eru kvennadeild Reykjavíkurdeildar Rauða krossins, Sjónstöð Íslands, Blindrafélagið, Blindravinafélag Íslands og Augnlæknafélag Íslands. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

#### 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að rannsóknum og þróunarstarfi á sviði sjónverndarmála. Tilgangi sjóðsins skal náð með því að veita úr honum fé til:

- 1) Rannsóknna á sjón og augum með sérstöku tilliti til blinduvaldandi sjúkdóma.
- 2) Þróun sjónverndarmála á Íslandi.

## 3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa sjö menn: Yfirlæknir Sjónstöðvar Íslands, prófessor í augnlækningum við Háskóla Íslands, fulltrúi augndeildar sjúkrahúss er tengist Háskóla Íslands, fulltrúi Augnlæknafélags Íslands, fulltrúi tilnefndur af Blindrafélaginu, fulltrúi tilnefndur af kvendaeild Reykjavíkurdeildar Rauða krossins, rekstrarstjóri Sjónstöðvar Íslands og skal hann jafnframt vera ritari stjórnar.

## 4. gr.

Stofnfé sjóðsins, sem kemur frá stofnendum, er kr. 870.000 og skal það haldast óskert. Tekjur sjóðsins eru m.a. framlög frá einstaklingum, félögum og öðrum aðilum ásamt vaxta-tekjum og verðbótum. Fjármuni sjóðsins skal ávaxta á sem tryggilegastan hátt.

## 5. gr.

Sjóðstjórn tekur ákvarðanir varðandi fjárveitingar úr sjóðnum og skal hún hafa eftirlit með því að tekjur sjóðsins nýtist í samræmi við markmið hans, sbr. 2. gr. Gjaldkeri sjóðsins er vörslumaður hans.

## 6. gr.

Fundargerðir stjórnar skulu skráðar í sérstaka gerðabók þar sem m.a. skal getið um framlög til sjóðsins og allra ákvarðana um úthlutanir úr honum.

## 7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

## 8. gr.

Ársreikningur skal fullgerður og undirritaður af sjóðstjórn eigi síðar en þrem mánuðum eftir lok almanaksársins. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

## 9. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari ef 2/3 hlutar stjórnar samþykkja það. Sama gildir um ákvörðun um að leggja sjóðinn niður. Verði Sjónverndarsjóður Íslands lagður niður, skal eigum hans ráðstafað, skv. ákvörðun sjóðstjórnar í samræmi við tilgang hans, skv. 2. gr. stofnaskrár þessarar.

## 10. gr.

Leita skal samþykkis dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 5. júní 1996.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. júní 1996.*

F. h. r.  
**Jón Thors.**

---

*Fanney Óskarsdóttir.*